



# ÖRYGGISBLAÐ (msds)

skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Útgáfa: 5.2

Dagsetning: 11. júní 2015

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

### 1.1. Vörukenni **KALIVANDGLAS (kalíumsílikat)**

**Samheiti** Kísilsýra, kalíumsalt  
**CAS-númer** 1312-76-1

**1.2. Tilgreind notkun** Áburður, hreinsiefni, tæringarvörn.

**1.3. Söluaðili** Skeljungur hf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
444 3000

**Sími:**  
**Tengiliður:** [msds@skeljungur.is](mailto:msds@skeljungur.is)  
**Veffang:** [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)

**1.4. Neyðarsímanúmer**  
**Neyðarlínan:** 112  
**Eitrunarmiðstöð LSH:** 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

### 2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

**Flokkun** Húðert. 2; H315  
Augnert. 1; H318  
STOT SE 3; H335

### 2.2. Merkingaratriði

#### 2.2.1. Hættumerki



**Viðvörðunarorð** Hætta  
**Hættusetningar** H315 – Veldur húðertingu.  
H318 – Veldur alvarlegri augnertingu.  
H335 – Getur valdið ertingu í öndunarfærum.

**Varnaðarsetningar** P280 – Notið augnhlífur/andlitshlífur.  
P304+P340+P312 – EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.  
P305+P351+P338+P310 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

### 2.3. Aðrar hættur

**PBT/vPvB-mat** Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.1 Efni

Heiti	Efnakenni	Magn %	Hættusetningar 67/548/EBE
Kalíumsílikat	CAS#: 1312-76-1	>=30 - <=50	Húðert. 2; H315 Augnsk. 1; H318 STOT SE 3; H335

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

#### 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

##### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni ef einkenna verður vart.
Eftir snertingu við augu	Skolið strax með miklu vatni, einnig undir augnlokum, í a.m.k. 15 mínútur. Fjarlægjið snertilinsur. Leitið lækni.
Eftir snertingu við húð	Skolið með vatni. Fjarlægjið fót og skó sem óhreinast hafa af efninu. Leitið lækni.
Eftir inntöku	Skolið munninn. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. EKKI framkalla uppköst. Leitið lækni.

##### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Sjá 11. lið.

##### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Meðhöndlið einkenni.

#### 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

##### 5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Vatnsúði, alkóhólþolin froða, slökkviduft, koltvísýringur.

##### 5.2. Sérstök hættu af efninu eða blöndunni

Sérstök hættu Kalíumoxíð, kísiloxíð.

##### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarbúnaður Notið ferskloftstæki í bruna. Notið persónuhlífar.

Veljið hlíðarbúnað eftir umfangi bruna.

Frekari upplýsingar Notið vatnsúða til að kæla nálægan búnað. Ekki eldfimt efni.

#### 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

##### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Notið persónuhlífar. Forðist rykmyndun. Varist innöndun gufu, úða, ryks eða lofttegunda. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Rýmið svæðið.

##### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir Hindrið að berist í niðurföll, vatnsfarvegi eða jarðveg. Í tilviki meiriháttar leka, gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart.

##### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir við hreinsun Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Notið persónuhlífar. Safnið leka með hvarftregu ísogsefni. Mokið leka í viðeigandi ílát til förgunar.

##### 6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir 8 og 13.

#### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

##### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Meðhöndlun Meðhöndlið í samræmi við gott hreinlætis- og öryggisverklag. Varist snertingu við húð og augu. Andið ekki að ykkur úða.

Hreinlæti Reykið ekki, matist eða drekkið þar sem efnið er meðhöndlað.

Fara ætti úr menguðum fatnaði áður en farið er af vinnustað.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags.

##### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla Haldið fjarri matvælum, drykkjum og dýrafóðri. Geymið í tryggilega luktum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Verjið fyrir raka.

#### 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

##### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Viðmiðunarmörk Engin tilgreind.

##### 8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu eða gerið tæknilegar ráðstafanir ef unnið er með efnið við hátt hitastig til að koma í veg fyrir snertingu við gufur. Snertingu við gufur má helst takmarka með vali á vinnulagi og tæknilegum ráðstöfunum.

##### Persónuhlífar

Til hlífðar öndun Notið viðeigandi öndunarhlífar sem uppfylla kröfur staðalsins EN143.

Ráðlögð gerð síu: P3. Notið ferskloftstæki við mikla þéttni efnisins.

##### Til hlífðar höndum

Notið viðeigandi hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374.

##### Til hlífðar augum/andl.

Öryggisgleraugu (EN166)

##### Til hlífðar húð

Notið efnapólinn hlífðarfatnað (EN374).

##### Til verndar umhverfi

Hindrið að berist í niðurföll, vatnsfarvegi eða jarðveg.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Fast
Litur	Litarlaust
Lykt	Lyktarlaust
Lyktarþröskuldur	Engin gögn
pH-gildi	11,5
Bræðslumark	-3°C
Suðumark	100°C
Eðlisþyngd	1,38 – 1,39 g/cm <sup>3</sup> (20°C)
Vatnsleysni	Leysanlegt

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Stöðugt við ráðlögð geymsluskilyrði.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við venjulegar aðstæður.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Engin skaðleg efnahvörf þekkt við ráðlagða notkun.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Skilyrði Engar upplýsingar.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Sterkar sýrur, sterkir oxarar.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Brotnar niður í hvörfum við sterkar sýrur. Gufur innihalda kísildíoxíð.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

#### Bráð eiturhrif

#### Kalíumsílikat (óblandað)

LD50	Inntaka, rotta	>5000 mg/kg
LC50	Innöndun, rotta, 4,4 klst.	>2,06
LD50	Húð, rotta	>5000 mg/kg

Innöndun Ertandi áhrif.

Snerting við húð Húðertandi.

Snerting við augu Augnertandi.

Húðnæming Ekki næmandi.

Krabbameinsvaldandi áhrif Engar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif.

Eiturhrif á æxlun Engar vísbendingar um eiturhrif á æxlun.

Sértæk eiturhrif – váhrif í eitt skipti Getur valdið ertingu í öndunarfærum.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

#### Kalíumsílikat (óblandað)

LC50	Fiskar (leuciscus idus), 48 klst.	146 mg/l
LC50	Halafær (daphnia magna), 24 klst.	146 mg/l

### 12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki lífbrjótanlegt.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Safnast ekki upp.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Efnið er hreyfanlegt í vatnsumhverfi.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Mat Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

### 12.6. Aðrar eiturefnafræðilegar upplýsingar

Upplýsingar Engin gögn.

## 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Aðferðir Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

Mengaðar umbúðir Umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa skal fargað á sama hátt og vörunni sjálfri.

**14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING**

Efnið heyrir ekki ekki undir alþjóðlegar reglur um flutning á hættulegum varningi.

**15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK****15.1.1. ESB-reglur**

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

**15.1.2. Íslenskar reglur**

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

**15.2. Efnaöryggismat**

**Efnaöryggismat** Efnaöryggismat ekki gert fyrir efnið.

**16. AÐRAR UPPLÝSINGAR****Hættusetningar**

H315 – Veldur húðertingu.  
H318 – Veldur alvarlegum augnskaða.  
H335 – Getur valdið ertingu í öndunarfærum.

**Skammstafanir:**

**ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.  
**ADR:** Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.  
**DNEL:** Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.  
**EmS** (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.  
**IMDG:** Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.  
**PBT:** Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.  
**PNEC:** Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.  
**REACH:** Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.  
**vPvB:** Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

**Endurskoðun**

11. júní 2015.

**Útgáfa**

5.2.

**Gert þann**

23. apríl 2016.

**Þýðing og uppsetning**

Reynir Hjálmarsson

**Heimild**Sigma-Aldrich Chemie GmbH, [eurtechserv@sial.com](mailto:eurtechserv@sial.com)  
(Brenntag Nordic A/S, [sds.dk@brenntag-nordic.com](mailto:sds.dk@brenntag-nordic.com))